



## Fundargerð

Fundur í mennta og menningarmálanefndar Reykhólahrepps

miðvikudaginn 16. maí 2012, kl. 16:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Ingvar Samúelsson, Björg Karlsdóttir leikskólastjóri og Júlía V. Guðjónsdóttir skólastjóri. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Eiríkur bauð fólk og leitaði afbrigða að taka tvö mál á dagskrá undir liðinn önnur mál og var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð fundar í mennta og menningarmálanefnd 7. mars 2012.

*Fundargerðin lögð fram og samþykkt.*

#### 2. Ráðning skólastjóra.

*Sex sóttu um stöðu skólastjóra sameinaðs skóla Reykhólahrepps. Einn umsækjandi uppfyllti ekki þau skilyrði sem sett voru í auglýsingu. Efirfarandi aðilar sóttu um stöðuna.*

*Anna Gréta Ólafsdóttir*

*Anna Sigrúnardóttir*

*Ástvaldur Heiðarsson*

*Kristrún Guðmundsdóttir*

*Lind Völundardóttir*

*Mennta- og menningarmálanefnd hefur farið yfir umsóknirnar í samráði við Capacent sem sá um umsóknarferlið. Nefnin leggur til að Anna Gréta Ólafsdóttir verði ráðin í starf skólastjóra sameinaðs skóla Reykhólahrepps.*

#### 3. Skóladagatal Reykhólaskóla skólaárið 2012-2013

*Skólastjóri lagði fram skóladagatal grunnskólans fyrir árið 2012 -2013 og lagði til kennslukvóta fyrir skólaárið. Nefndin samþykkir skóladagatal og allt að 142 tímum í kennslukvóta fyrir skólaárið 2012 – 2013. Samþykkt samhljóða.*

### Mál til kynningar:

#### 4. Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar í Evrópu.

Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu dagsett 8. mars 2012.

*Kynnt.*

#### 5. Prentuð útgáfa af nýjum aðalnámskrám, leikskóla og grunnskóla 2011.

Sent til kynningar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti 30. mars 2012.

*Kynnt.*

**Önnur mál (ef einhver):**

**6. Skólaakstur skólaárið 2012 – 2013.**

*Samningar um skólaakstur renna út 1. júní 2012. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samningarnir verði framlengdir til tveggja ára, með þeim fyrirvara um nemendafjölda í Gufudal. Samþykkt samhljóða.*

**7. Nefndarmenn í mennta- og menningarmálanefnd.**

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að manna varamenn í nefndina, þar sem breytingar hafa valdið því að ekki er nema einn varamaður.*

**Fundargerð lesin, fundi slitið 17:10**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____